



FUNDARGERÐ 4. FUNDAR STJÓRNAR GOLFKLÚBBBS SELFOSS 2020

Fundardagur: 21.04.2020

Fundarstaður: ZOOM, Fjarfundur1

Tími: 20:30-21:00

Viðstödd:

Páll Sveinsson, formaður

Bjarki Már Magnússon, varaformaður

Helena Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Ástfríður M. Sigurðardóttir

Vignir Egill Vigfússon

Halldór Ágústsson Morthens

Svanur Bjarnason, ritari

Hlynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri

Fjarverandi:

Enginn

Málefni sem voru rædd:

- 1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.**
- Starfsmenn hafa verið í hlutastarfi eftir að Covid-19 hófst. Staða á velli er þannig að flatir koma vel út en það eru töluverðar frostlyftingar á brautum. Búast má við töluverðum breytingu til batnaðar á næstu dögum. Hlynur hefur áhuga fyrir að opna völlinn fyrir félagsmenn 1. maí en varla fyrr en viku síðar fyrir almenning. Rætt um vinnudag, yrði þá í fyrsta lagi 9. maí. Helsta verkefni væri að tyrfa mön meðfram 9. Braut. Væntanlega verður ekki vinnudagur í byrjun maí en frekar hóað í mannskap til ákveðinna verka síðar. Stefnt að því að sækja aspir frá Flúðum.
- Vinna við moldarlosun er að ljúka og verður þá hægt að fara að þrifa vegi en mikið moldarsvað er á aðkomuvegi að Laugardælum og Svarfhól. Jarðvegslosun næstu mánuði verður í Súluholti.
- Farið verður í að lagfæra veg á næstunni og stækka planið við GOS höllina og keyra í nýja planið við golfskálann. Framundan er þá að klára sléttun á öllum moldarhaugum sem búið er að keyra. Vantar enn nokkra bíla við 18. braut.
- Jarðýtan verður áfram í vinnu við frágang og mótun þess svæðis sem búið er að keyra í. Svæðið er þó of blautt eins og er. Lögð verður áhersla á að klára frágang meðfram vegum og aðkomu að svæðinu. Hluti af svæðinu er of hár í dag en á eftir að ýta til og jafna í frágang á brautum á þar 3 holu velli. Talsverð vinna er eftir að ganga frá æfingasvæði. Yfirborðsvatn gengur seint niður og ekki hægt að ganga frá í bili.
- Til stóð að halda félaga fund í byrjun maí til að fara yfir ýmis mál og kynna forgjafa kerfi ofl. Það verður ekki hægt í ljósi ástandsins en Páll ræddi um að útbúa einhverja kynningar sem hægt væri að setja á facebook eða heimasíðu.
- Búið er að ráða eina manneskju í veitingasölu í sumar. Bjarki og Gunnar Marel byrjuðu aftur í 100% starfi í dag og eru að fara á fullt. Von á tveimur starfsmönnum í gegnum Vinnumálastofnun. Þorkell byrjar fljótlega. Aron og Pétur koma í gegnum Árborg. Freyja, Heiðrún og líklega ein til verða í veitingasölu.
- Varðandi nýju brautirnar má gera ráð fyrir að þær verði opnaðar í júní 2021. Verða ekki tilbúnar í ár. Yfirsá þarf í allt svæðið sem var sáð í fyrra.
- Verið er að opna minigolf svæði á Selfossi. Líklegt að GOS verði fengið til að sjá um viðhald.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sb